Nr. 9
23.
júní.

# Auglýsing

um

þyngdartakmörk og burðargjald fyrir böggla, er senda á milli hins danska og hins íslenzka póstumdæmis.

Í staðinn fyrir ákvæðin í auglýsingum 29. oktbr. 1886 og 10. febrúar 1876 5. gr. um þyngdartakmörk og burðargjald fyrir böggla, sem senda á milli konungsríkisins og Færeyja annars vegar og Íslands hins vegar, komi svofelld ákvæði.

Bögglar, er senda á milli konungsríkisins og Færeyja annars vegar, og þeirra póststöðva á Íslandi hins vegar, er póstskipin koma við á, mega vega 10 pund í mesta lagi. Burðareyrir fyrir þessa böggla skal vera: aðalburðareyrir 25 aurar undir hvern böggul og í viðbót 10 aurar fyrir hvert pund eða minni þunga, sem böggullinn vegur.

Bögglar, sem senda á milli konungsríkisins og Færeyja annarsvegar, og annara póststöðva á Íslandi, en fyr greinir, hins vegar, mega vega 5 pund í mesta lagi. Burðareyrir fyrir þessa böggla er eins og fyrir áðurgreinda böggla: aðalburðareyrir 25 aurar undir hvern böggul og í viðbót 10 aurar fyrir hvert pund eða minni þunga, sem böggullinn vegur. En auk þessa skal greiða sjerstakt gjald í viðbót fyrir flutning landveg á Íslandi. Skal það vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint eða minni þunga, sem böggullinn vegur, ef sendingin er afhent á hlutaðeigandi afgreiðslustað í hinu danska póstumdæmi á tímabilinu frá 10. október til 10. apríl að báðum þeim dögum meðtöldum, eða á afgreiðslustað á Íslandi frá veturnóttum til sumarmála.

Fyrir böggla, sem afhentir eru á öðrum tíma en nú var greint, skal sem sjerstaka viðbót á Íslandi greiða 30 aura fyrir hvert pund eða minni þunga, sem böggullinn vegur.

Ef verð er tilgreint, skal ennfremur greiða í ábyrgðargjald 25 aura fyrir hverjar 200 krónur eða minni upphæð af verði því, sem tilgreint er.

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

*Í innanríkisstjórninni og stjórnarráði Íslands þann 23. júní 1891.*

*Ingerslev.* *J. Nellemann.*

---

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 9. Augl. 23. júní um þyngdartakmörk og burðargjald fyrir böggla, er senda á milli hins danska og hins íslenzka póstumdæmis.

# Bekendtgørelse

Nr. 9.
23de
Juni.

angaaende

## Vægtgrænsen samt Portoen for Pakkeforsendelser, der udveksles mellem det danske og det islandske Postomraade.

I Stedet for de i Fællesbekendtgørelser af 29de Oktober 1886 og af 10de Februar 1876 § 5 indeholdte Bestemmelser angaaende henholdsvis Vægtgrænsen og Portoen af Pakkeforsendelser, der udveksles mellem Kongeriget og Færøerne paa den ene Side og Island paa den anden Side, fastsættes herved følgende:

Pakkesager som forsendes mellem Kongeriget og Færøerne paa den ene Side samt de paa Postdampskibenes Anlægspladser paa Island værende Poststeder paa den anden Side, kunne veje indtil 10 Pund inklusive. Portoen for disse Forsendelser skal udgøre en Grundporto af 25 Øre for hver Pakke med Tillæg af 10 Øre for hvert Pund eller Del deraf, af Pakkens Vægt.

Pakkesager, som forsendes mellem Kongeriget og Færøerne paa den ene Side og andre end de fornævnte Poststeder paa Island paa den anden Side, kunne veje indtil 5 Pund inklusive. Portoen for disse Pakker udgør ligesom for ovennævnte Pakker en Grundporto af 25 Øre for hver Pakke med Tillæg af 10 Øre for hvert Pund, eller Del deraf, af Pakkens Vægt, men hertil kommer endnu et særligt Tillæg for Befordringen paa det islandske Landomraade. Dette Tillæg beregnes med 25 Øre for hver 25 Kvint, eller Del deraf, af Pakkens Vægt, saafremt Pakken er indleveret ved vedkommende danske Afsendelsessted i Tidsrummet fra den 10de Oktober til den 10de April inklusive eller ved vedkommende islandske Afsendelsessted i Tidsrummet fra den sidste Torsdag i Sommeren (ca. 18de Oktober) til den sidste Lørdag i Vinteren (ca. 20de April).

For Pakker, der indleveres uden for disse Tidsrum, beregnes det særlige islandske Tillæg med 30 Øre pr. Pund, eller Del deraf, af Pakkens Vægt.

For angiven Værdi betales endvidere en Assurancepræmie af 25 Øre for hver 200 Kr. eller derunder af den angivne Værdi.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

**Indenrigsministeriet og Ministeriet for Island, den 23de Juni 1891.**

*Ingerslev.* *J. Nellemann.*

*V. Gudenrath.*

Nr. 9. Bekg. af 23de Juni ang. Vægtgrænsen samt Portoen for Pakkeforsendelser, der udveksles mellem det danske og det islandske Postomraade.